

Örþættir úr skólasögu – Inngangur



Ó
la
f
u
r
H
.
J
ó
h
a
n
n
s
s
o
n

Skólaþræðir birta nú minningarbrot Ólafs Helga Jóhannssonar um verkefni sem hann tók að sér á langri starfsævi og hann nefnir *Örþætti úr skólasögu*. Ólafur kom m.a. mjög að þróun

kennaramenntunar, ekki síst menntun skólastjórnenda, sem og að mótun menntastefnu í aðdraganda að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, og að ritstjórn aðalnámskrárinnar 2011/2023. Hér er inngangur að þessum pistlum.

*„Sjá, Tíminn, það er fugl, sem flýgur hratt,
hann flýgur máske úr augsýn þér í kveld.“*

Svo segir í ljóðinu Rubaiyat eftir Omar Khayyam í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar. Nú eru liðin tólf ár frá því ég lauk ferli mínum sem opinber starfsmaður og 59 ár frá því ég hóf störf sem kennari. Fyrstu lög um skyldunám barna voru sett árið 1907, þ.e. fyrir 118 árum. Starfsferill minn spannar því um helming þessa tíma. Ég hef lýst skólagöngu minni í **grein** sem birtist í Skólaþráðum 2020.

Barnaskólagangan var á grundvelli laganna frá 1907 um farskóla í sveitum og skólaskyldu frá 10 ára aldri til 13 ára, með undantekningarákvæði um að ljúka mætti skólaskyldu 12 ára, væri tilteknu einkunnamarki náð. (Lög um fræðslu barna 59/1907). Það nýttu margir, m.a. ég, og þótti eftirsóknarvert. Samanlögð skólaganga var því um sex mánuðir. Þess má geta að löggin voru þau fyrstu um almenningsfræðslu hér á landi. Þau voru byggð á tillögum Guðmundar Finnbogasonar sem settar voru fram í bókinni *Lýðmenntun* sem kom út árið 1903. Í inngangi í endurútgáfu 1994 segir: „Þar er sett fram heildstæð ígrunduð menntastefna sem tekur bæði til markmiða, inntaks náms og aðferða í lýðfræðslu“ (Ólafur H. Jóhannsson, 1994)

Að undanfögnu hef ég, mér til dundurs, rifjað upp viðfangsefni sem rekið hafa á fjörur mínar utan við hin daglegu, föstu störf. Við þessa upprifjun hef ég endurnýjað í huganum kynni af samferðafólki sem auðgaði tilveru mína. Í þessum minningarbrotum, sem ég kalla örþætti úr skólasögu lýsi ég í stuttu máli nokkrum þessara verkefna og vísa til aðgengilegra heimilda eftir því sem tök eru á.

Ég reyni að átta mig á hvað hefur staðist tímans tönn, sem er raunar ekki sérlega eftirsóknarvert því breyttar aðstæður og ný þekking kalla á stöðuga þróun og breytingar á ríkjandi ástandi. Viðfangsefni þessi eru hluti skólasögunnar og kynnu því að vekja forvitni einhverra. Þau eiga það sammerkt að vera unnin í teymum eða starfshópum og þar er enginn vegur að greina hver er hlutur hvers og eins. Í frjóu hópstarfi kveikir ein hugmynd aðra og einn tekur upp þráð sem annar hefur spunnið. Afraksturinn er því sameign og á sameiginlega ábyrgð hópsins. Miklu varðar að í starfshópi ríki traust, það er forsenda fyrir

skoðanaskiptum og ágreiningi sem er ekki aðeins óhjákvæmilegur heldur nauðsynlegur til að tryggja eftir föngum gæði þess viðfangsefnis sem unnið er. Traust byggist á heiðarlegum og opnum samskiptum, þar sem engin undirmál eru. Það felur ekki í sér að allir séu á einu máli og samstaða sé um öll mál heldur að ágreiningur sé ekki dulinn heldur dreginn upp á yfirborðið og leiddur til lykta helst þannig að allir geti sæmilega vel við unað.

Stundum heyrir sú skoðun að málamiðlanir séu óæskilegar, með þeim víki þeir sem hlut eiga að máli frá grundvallarafstöðu og úr verði bræðingur sem enginn er sáttur við. Stundum er gripið til þess ráðs að ná fram niðurstöðu með því að greiða atkvæði um kosti. Það tel ég vera hálfgerð neyðarbrauð. Með atkvæðagreiðslu er niðurstaða knúin fram með valdi, meirihlutinn nær sínu fram og þeir sem eru í minnihluta sitja eftir með sárt ennið. Ég held að málamiðlun sé merki um styrkleika hóps. Í þeim viðfangsefnum sem hér verður greint frá minnst ég þess ekki að niðurstaða hafi nokkru sinni verið knúin fram með atkvæðagreiðslu. Pistlarnir sem um ræðir eru:

1. [Menntun skólastjórnenda 1986–1987](#)
2. [Ný löggjöf um kennaramenntun 1988](#)
3. [Mótun menntastefnu 1992–1994](#)
4. [Stofnun Kennara- og uppeldisháskóla Íslands 1995–1997](#)
5. [Aðalnámskrá grunnskóla 2011–2013](#)

Ég sleppi hér þátttöku minni í starfshópi um samfélagsfræði um nokkurra ára skeið. Það var eitt samfellt lærdómsferli og fól í sér námskrárgerð, námsefnisgerð og námskeið fyrir kennara. Þessu tímabili hafa verið gerð góð skil, t.d. í bókinni *Sögukenntsluskammdegið. Rimman um sögukenntslu og samfélagsfræði 1983–1984* (Loftur Guttormsson, 2013) og í viðtali Ingvars Sigurgeirssonar við Wolfgang Edelstein í bókinni *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum* (Ingvar Sigurgeirsson, 2004).


Það er erfitt að lýsa verkefnum, sem manni er annt um, af hlutlægum heiðarleika. Að ég tali ekki um freistnivandann að fegra sinn hlut. Broddi Jóhannesson lýsti aðferðum sem nota má til að halla réttu máli. Ein þeirra er að draga fram kostina við tiltekna nálgun en „sneiða hjá öllu sem mælir gegn“ (Broddi Jóhannesson, 1986). Þannig verður til hálf sannleikur sem skáldið Stephan G. sagði að væri „óhrekjandi lygi.“

Það sem missagt kann að vera í pistlum þessum er að öllu leyti mína ábyrgð. Enn gildir hið fornkveðna að menn skuli jafnan „hafa það sem sannara reynist.“

Lokaorð

Eftir á að hyggja hefur samning þessara pistla kannski verið gagnslítill iðja en hún hefur veitt mér ánægju og kallað til endurfunda við vinnufélaga, kunningja og vini, margir þeirra eru horfnir úr heimi hér. Ég skynja nærveru þeirra, heyri raddblæinn og sé fyrir mér svipbrigði, sem m.a. fara eftir því hvort mönnum líkar betur eða verr.

Í síðasta pistlinum vitna ég í vísubrot um hraðfleygan tíma. Þegar við blasir að um 80 ára aldurinn má ætla að 95% séu runnin úr stundaglasinu verða minningarnar dýrmætar. Í sjónhendingu er liðni tíminn örstuttur, hvað má þá segja um þá hraðfleygu stund sem eftir lifir?



Hnausakot við sólarlag 2014. Myndina tók Margrét Benediktsdóttir.

Heimildir

Broddi Jóhannesson. (1986). *Dingullinn og banakringlan*. Jólakveðja frá Brodda Jóhannes-

syni. Reykjavík.

Ingvar Sigurgeirsson. (2004). „Markmiðið var ekki að afnema söguna, heldur lífga hana við.“ Viðtal við dr. Wolfgang Edelstein. Í Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson (ritstjórar), *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum* (bls. 161–187). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2013). *Sögukenntsluskammdegið. Rimman um sögukenntslu og samfélagsfræði 1983–1984*. Háskólaútgáfan.

Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.

Ólafur H. Jóhannsson. (2020). Að feta af stað menntavegininn um miðbik síðustu aldar. *Skólaþræðir: Tímarit Samtaka áhugafólks um skólaþróun*.

<https://skolathraedir.is/2020/11/26/ad-feta-af-stad-menntavegininn-um-midbik-sidustu-aldar/>

Ólafur H. Jóhannsson. (1994). *Inngangur*. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri). *Lýðmenntun* (bls. 9–20), Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Um höfund

Ólafur H. Jóhannsson (1943) er fæddur og uppalinn í Hnausakoti í Miðfirði. Hann stundaði almenn sveitastörf til 15 ára aldurs. Gekk í farskóla frá 9 til 12 ára og var nokkrum árum síðar tvo vetur í Reykjaskóla í Hrútafirði. Ólafur lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1966, stúdentsprófi 1968, BA-prófi frá Háskóla Íslands 1974 og meistaragráðu frá háskólanum í Bristol 1988. Hann var um árabil skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskólans og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands).

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT SAMTAKA ÁHUGAFÓLKIS UM SKÓLAÞRÓUN

Grein birt 29. desember 2025